



Lúxemborg, 5. maí 2021

FRÉTTATILKYNNING 06/2021

Dómur í máli E-8/20 *Ákærvaldið gegn N*

ALMANNATRYGGINGAR – HÖFNUN GREIÐSLU BÓTA VEGNA DVALAR Í ÖÐRU EES-RÍKI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá Hæstarétti Noregs (*Norges Høyesterett*). Spurningarnar, sem voru sextán talsins, vörðuðu samrýmanleika reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 („reglugerð nr. 1408/71“), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 („reglugerð nr. 883/2004“) og frjáls flæðis þjónustu, við lög sem gera veru í Noregi að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta og undanþágur fyrir stuttar dvalir í öðru EES-ríki bundnar skilyrði um takmarkaða lengd dvalar erlendis og leyfiskerfi.

N var sakfelldur fyrir tryggingarsvik samkvæmt norskum hegningarlögum. Á tímabilinu 19. maí 2010 til 31. október 2012, var N talinn hafa villt um fyrir norsku almannatryggingarstofnuninni (“NAV”) og þannig fengið greiddar sjúkrabætur. N hafði látið undir höfuð leggjast að tilkynna stofnuninni um að hann hefði dvalist erlendis á tilteknum tímabilum án samþykkis NAV. Hafi N því ekki átt rétt til greiðslu sjúkrabóta á þeim tímabilum.

Samkvæmt norskum lögum þarf greiðsluþegi að vera staddur í Noregi til að eiga rétt til sjúkrabóta. Heimilt er að veita undanþágur frá skilyrðinu. Slík undanþága er því aðeins veitt ef dvöl í öðru EES-ríki varir í takmarkaðan tíma og að hægt sé að sýna fram á að dvölin sé samrýmanleg framkvæmd starfsáætlunar bótaþega, auk þess að hún muni ekki hefta eftirlit og eftirfylgni NAV.

Í dómi sem kveðinn var upp í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að framangreindar bætur jafngildi sjúkrabótum í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1408/71 og a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 883/2004.

Hvað varðar réttarstöðu þá er gildi fyrir 1. júní 2012, taldi EFTA-dómstóllinn að landslög líkt og þau sem undir voru í málinu féllu ekki undir 19. eða 22. gr. reglugerðar nr. 1408/71. Sú niðurstaða hefði hins vegar ekki í för með sér að slíkar reglur féllu utan við ákvæði meginmáls EES-samningsins.

Í því samhengi komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að skilyrði sem takmarkar lengd dvalar erlendis teljist takmörkun á frjálsri þjónustustarfsemi samkvæmt 36. gr. EES samningsins, þar sem það leiðir til taps á bótum eða takmarkana á möguleikum til að ferðast. Enn fremur taldi EFTA-dómstóllinn að einungis væri unnt að réttlæta slíka takmörkun ef hún væri í samræmi við meðalhóf. Hvað varðar skilyrði þess að bótaþegi megi aðeins dvelja erlendis í takmarkaðan tíma, var talið að þar sem greiðsluþegar fylgja einstaklingsbundnum starfsáætlunum sé þörfin á eftirfylgni og eftirliti afar mismunandi. Af þeim sökum tæki, að hámarki, fjögurra vikna dvöl utan Noregs ár hvert ekki nægilegt tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna bótaþega á grundvelli starfsáætlana þeirra, og gangi því gegn meðalhófsreglunni.

Þá komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að leyfiskerfi bryti gegn meðalhófsreglunni þar sem ekki hefði verið sýnt fram á að minna íþyngjandi ráðstafanir, svo sem tilkynningakerfi, væru ófullnægjandi. Enn fremur var talið að norska ríkið hefði ekki fært fram nein þau rök sem rennt gætu stoðum undir þá staðhæfingu, að gætu bótaþegar ferðast til annars EES-ríkis án undanfarandi leyfis, væri það til þess fallið að hafa alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir almannatryggingakerfið.

Að því er varðar nógildandi réttarstöðu, taldi EFTA-dómstóllinn að 1. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 883/2004 kæmi í veg fyrir að EES-ríki gætu skilyrt greiðslu sjúkrabóta með kröfu um veru viðkomandi innan ríkisins eða með því að gera dvöl í öðru EES-ríki háð leyfi.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.